

NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík  
[nave@nave.is](mailto:nave@nave.is)

# *Fornleifaskráning*

*Fornleifaskráning vegna  
breytinga á deiliskipulagi í landi  
Akurgerðis í Ölfusi*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir  
Atli Rúnarsson

Janúar 2025

NV nr. 03-25

|                                                                                                                                                                                                            |                   |                                                                                     |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
|  <b>NÁTTÚRUSTOFA<br/>VESTFJARÐA</b>                                                                                       |                   | <b>Dagsetning Mán/ár: 15.01.2025</b>                                                |
| <b>Skýrsla nr:</b> 03.25                                                                                                                                                                                   | <b>Verknúmer:</b> | <b>Dreifing:</b><br><input type="checkbox"/> Opin                                   |
| <b>Upplag:</b> 3                                                                                                                                                                                           | <b>Verkstig:</b>  | <input type="checkbox"/> Lokuð til:<br><input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa |
| <b>Heiti skýrslu:</b><br>Fornleifaskráning vegna breytinga á<br>deiliskipulagi í landi Akurgerðis í Ölfusi                                                                                                 |                   | <b>Unnið fyrir:</b>                                                                 |
| <b>Höfundur:</b><br>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Atli<br>Rúnarsson                                                                                                                                       |                   | <b>Verkefnastjóri:</b><br>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir                             |
| <b>ÚTDRÁTTUR</b><br><br>Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á reit úr landi Akurgerðis II í Ölfusi. Landi tilheyrði fyrir 1954 Hvammi í Ölfusi. Engar minjar fundust við vettvangsrannsókn. |                   |                                                                                     |
| <b>Undirskrift verkefnastjóra:</b><br>MHH                                                                                                                                                                  |                   | <b>Yfirlarið af:</b><br><br>AR                                                      |


## EFNISYFIRLIT

|     |                                   |    |
|-----|-----------------------------------|----|
| 1.  | Inngangur .....                   | 4  |
| 2.  | Aðferðafræði .....                | 4  |
| 2.1 | Tilgangur fornleifaskráninga..... | 4  |
| 2.2 | Skráning fornleifa .....          | 5  |
| 3.  | Framkvæmdasvæðið .....            | 6  |
| 3.1 | Saga Hvamms .....                 | 6  |
| 4.  | Niðurstöður .....                 | 10 |
| 5.  | Heimildaskrá.....                 | 12 |

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Brynleifs Siglaugssonar hjá BH bygg gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit í landi Akurgerðis í Ölfusi. Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir frístundabyggð á svæðinu en á að breyta því í landbúnaðarnotkun.

Svæðið var áður skráð árið 2009 af Byggðasafni Árnesinga<sup>1</sup>. Einnig var svæðið hluti af aðalskráningu Fornleifastofnunar Íslands ses. af fornleifum í Ölfusi,<sup>2</sup> en þrengri kröfur eru settar á skráningu vegna deiliskipulags.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með gulri stjörnu

Svæðið var gengið en engar minjar fundust. Vettvangsvinna fór fram þann 15.1 2025 og var unnin af Margréti Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingi. Atli Rúnarsson og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir sáu um skýrslu- og kortagerð.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar

<sup>1</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Edda Linn Rise, 2009

<sup>2</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020

hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

#### Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrrsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalousu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### 2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3388 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3388-001.

### 3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

Akurgerði er nýbýli og byggðist úr landi Hvamms árið 1954.

#### 3.1 Saga Hvamms

Hvammur er landnámsjörð og í rituðum heimildum var jörðin fyrst nefnd á nafn í *Landnámu*. Ormur hinn gamli Eyvindarson nam Hvamm og segir um landnám hans í *Árbók hins íslenska fornleifafélags*: „Svo segir Landnáma (V.13.) <<Ormr (hinn gamli) nam land fyrir austan Varmá til Þverár ok um Ingólfsfell alt ok bjó í Hvammi; hans son var Darri faðir Arnar>> ... Þverá, sem hér er nefnd hlýtur að vera Tunguá í Grafningi. Til þess getur um enga aðra á verið að ræða.“<sup>3</sup>

Nánnar er fjallað um landnám Hvamms í *Árnesinga sögu*: „Um landnámsmörk Orms ber landnámugerðum saman algerlega að efni til. Austurmörk landnáms hans var Sogið og Ölfusá milli Auðsholts og Arnarbælis austur um Ölfussveit úr farvegi sínum hjá Vorsabæ, eins og síðar verður vikið að. Norðurmörk að austanverðu er Þverá, og hafa þar mætt landnám Þorgríms bílds og Orms. Norðurmörkin eru annars hálendið upp af Ölfusinu. Ingólfsfjall allt verður í landnámi Orms ins gamla, enda segir, að hann næmi land „um Ingólfsfjall allt.“ Landnám Orms hefur tekið yfir austurhluta Ölfussins, og er all mikið af landinu mýrlendi og gott slægjuland, eins og kunnugt er. Ekki verður nú sagt, hvar landnámsmörkin hafa verið að vestanverðu til fjalls, en líklegt sýnist, að Grensdalsá hafi þar skilið lönd þeirra Orms og Álfs egðska. En Sauðá gæti líka hafa ráðið merkjum. Ormur er sagður hafa búið í Hvammi. Stendur sá bær enn norðarlega vestan undir Ingólfsfjalli nokkru sunnar en vegurinn um Grafningsháls liggur úr „Djúpa Grafningnum“ svonefndum niður og vestur með fjalllendum ofanvert við Ölfusið.“<sup>4</sup>

Í *Árbók Ferðafélagsins* segir um landnámið: „Núpar er önnur tveggja landnámsjarða í Ölfusi, hin er Hvammur (báðar í landnámi Ingólfs, en margir landnámsmenn sem síðar komu út en Ingólfur „hafa byggt í hans landnámi“ að því er Landnáma hermir).“<sup>5</sup>

Ingólfur Arnarson landnámsmaður er sagður heygður í Inghól á norðanverðu Ingólfsfjalli, en haugurinn er innan landamerkjanna Hvamms. Fjallið dregur jafnframt nafn sitt af honum.<sup>6</sup> Hjá haugnum er annar minni haugur og er sagt að þar liggi hundur hans. Talið er að Ingólfur hafi valið sér þennan legstað svo hann gæti séð yfir sitt fyrsta landnám.<sup>7</sup>

Jörðin Hvammur er nefnd á tveimur stöðum í *Íslenzku fornbréfasafni*, í fyrra skiptið árið 1395 og þar kemur fram að jörðin var þá í eigu Viðeyjarklausturs.<sup>8</sup> Næst var hún nefnd árið 1555 en þá seldi Eggert Hannesson Grími Þorleifssyni jörðina fyrir 30 hdr.<sup>9</sup>

Árið 1706 var jörðin skráð og lýst í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* en þar sést m.a. að jörðin var ekki lengur í eigu Viðeyjarklausturs. Í bókinni sagði: „Hvammur. Jarðardýrleiki xxc og so tíundast fjórum tíundum. Eigandinn Andres Fimmbogason lögrjettumaður á Kröggólfsstöðum. Ábúandi Örnólfur Jónsson. Landskuld lxxx álnir. Betalast í öllum gildum landaurum til landsdrottins. Leigukúgildi ii. Leigur betalast í smjöri heim til Kröggólfsstaða. Kvaðir eru hingað til skipsáróður um vertíð í Þorlákshöfn, geldst in natura, en hjer eftiráskilið það venjulegt verið hefur. Kvikfjenaður vii kýr, i kvíga veturgömul, ii kálfar, xxii ær, vii sauðir

<sup>3</sup> Brynjúlfur Jónsson, 1905, bls. 1-4

<sup>4</sup> Einar Arnórsson, 1950, bls. 213-214

<sup>5</sup> Þór Vigfússon, 2003, bls. 104

<sup>6</sup> Svavar Sigmundsson, 1979, bls. 195

<sup>7</sup> Bjarni Harðarson, 2001, bls. 60

<sup>8</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 597

<sup>9</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 65

tvævetrir og eldri, x veturgamlir, xxiii lömb, sum óvís, ii hestar, i hross með fyli, i únghryssa. Fóðrast kann v kýr og áðurtalið kvikfje. Afrjett er fri ut supra. Móskurður til eldiviðar sem áður segir um Hvol. Skógarítak hefur fyrrum fylgt jörðinni meðan kóngseign var, einninn síðan bóndaeign gjörðist, í Miðengislandi fyrir austan Alftavatn átölulítið, því jörðin var ein fyrrum af Grímsness ljensjörðum, sem so kallast. Berjalestur hefur fyrrum verið að nokkru gagni, en nú nær því enginn. Ekki er óhætt kvikfje fyrir graflækjum og dýjum. Hætt er húsum og heyjum stórlega fyrir veðrum. Högunum spilla fjallskriður og stórgrýti. Hjáleiga hefur verið ein byggð í úthögum jarðarinnar, og hefur í auðn legið um 20 ára tíma; varaði sú byggð ei lengur en 2 eður 3 ár. Ekki vita menn hvað skuldir hafa verið. Það tjáist þó að ómögulegt er aftur að byggja án heimajarðarinnar skaða, og var býlið kallað Lambhage.<sup>10</sup>

Hvammur var 20 hundraða jörð árið 1840 og þar voru þá góður sumar- og vetrarhagar, en snögglent og heyskaparlítið.<sup>11</sup> Í *Jarðatali á Íslandi* sem ritað var árið 1847 segir að jörðin hafi verið í bændaeign, enn var hún 20 hundraða jörð að dýrleika og landskuldin 0,100, kúgildin voru 4 og að jörðinni var einn eigandi að 7 h. og einn leiguliði.<sup>12</sup> Ári síðar er forn hundraðatala jarðarinnar skráð 20 en ný hundraðatala 17,3.<sup>13</sup>

Á túnakorti sem teiknað var árið 1918 má sjá að tún Hvamms voru 4,7 ha og þar af slétt ca. 9/10. Matjurtagarðar voru skráðir 768m<sup>2</sup>, og nýrkja var 0,6 ha og er hún öll slétt. Auk þessa má sjá bæinn, traðir, heygarða, tvö útihús og á nýrkjunni sjást þrjú hús. Bærinn stendur sunnarlega í túni, traðir eru þétt austan við húsið og ganga í suður, matjurtagarðurinn er þétt sunnan við húsið og þétt vestan við traðirnar. Annar matjurtagarður er þétt norðan við bæinn. Útihúsin eru bæði norðarlega í túninu og nýrkjan er suðaustur af bænum.<sup>14</sup>

Árið 1932 voru tún Hvamms 5.5ha og matjurtagarðar 700m<sup>2</sup>.<sup>15</sup> Árið 1977 voru tún Hvamms orðin 34ha af stærð.<sup>16</sup> Í *Sunnlenskum byggðum* sem gefin var út árið 1983 er jörðinni svo lýst: „Hvammur var 20 hundraða jörð að fornu mati og landmikil því henni fylgir um fjórði partur af Ingólfsfjalli. Þar uppi er lítið gróið, þó sumarhagar fyrir fé. Fjallið er víða snarbrattir hamrar og smábrennur við fót þeirra. Þar er víða stórgrýti og skjólgott. Neðan fjallsins víðlendar og grasgefnar mýrar en nokkuð blautar. Mest af þeim er nú ræst fram og ræktað í tún. Mótak er gott en ekki notað lengi. Sæmileg vetrararbeit var á mýrum. Tún og hagar neðan fjalls girtir. Ríkissjóður er eigandi Hvamms. Árið 1930 lét þáverandi eigandi Hvamms, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali, reisa nýbýli vestan við gamla túnið. Fékk það allt land vestan Hvammsár. Við búsetulok á gamla bænum 1942 fékk nýbýlið öll jafnaðarafnot.“<sup>17</sup> Í þeirri sömu bók eru taldar upp nokkrar jarðir sem byggðar voru úr landi Hvamms en Landnám ríkisins kom þar á fót nýbýlahverfi. Um býlin og stærðir þeirra segir í bókinni: Efstaland, efsta býlið, stofnað árið 1960 er 35ha, að auki fékk sú jörð sem beitoland, ræmu sem nær upp í Inghól.<sup>18</sup> Kvistir, næst fyrir sunnan Efstaland, stofnað árið 1954 og er landið 45ha.<sup>19</sup> Akurgerði er suður af Kvistum, tæpir

<sup>10</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 397

<sup>11</sup> Svavar Sigmundsson, 1979, bls. 202

<sup>12</sup> J. Johnsen, 1847, bls. 75

<sup>13</sup> Ný jarðabók fyrir Ísland, bls. 32

<sup>14</sup> Túnakort - Hvammur, Ölfushreppur, Árnessýsla, 1918

<sup>15</sup> Fasteignabók, 1932, bls. 19

<sup>16</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 367

<sup>17</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 367

<sup>18</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 368

<sup>19</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 369

45 ha að stærð.<sup>20</sup> Hlíðartunga, fyrir sunnan Akurgerði, tæpir 45 ha að stærð<sup>21</sup> og loks Lambhagi sem var byggt árið 1951 efst í Hvolslandi en 6-7 efstu hektararnir eru úr landi Hvamms. Nafn býlisins er sótt úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.<sup>22</sup>

Ekki hefur mikið verið ritað um húsakost jarðarinnar en í *Manntalinu* frá 1910 stendur á Hvammi torfbær með tveimur heilþilum og einu hálfþili.<sup>23</sup>

Sá bær hefur ekki verið ýkja gamall því öll hús Hvamms skemmdust meira og minna í stórum jarðaskjálfta sem reið yfir landið árið 1896. Í bókinni *Jarðskjálftar á Suðurlandi* segir: „Bæirnir upp með fjöllum austanvert í Ölfusi urðu yfirleitt ekki eins illa útleiknir einsog þeir, sem á sléttunni voru; Reykir skemmdust töluvert, Reyjakot miklu minna, Sogn og Gljúfur eigi mjög mikið, Hvammur gjörféll; kippur þessi [6. sept] var mjög vægur á bæjunum austan með Ingólfsfjalli, þar sem kvöldkippurinn gjörði mestan skaðann, sem fyr hefir verið frá sagt.”<sup>24</sup> Fyrir jarðskjálftann stóðu á Hvammi 8 bæjarhús og 10 peningahús. 5 bæjarhús gjörféllu í skjálftanum og 3 skemmdust mjög, 8 peningahús gjörféllu sömuleiðis og 2 skemmdust mjög.<sup>25</sup>

Hvammur stóð við almannaleið og áttu ferðamenn úr ýmsum áttum leið um jörðina.

„Rétt er að benda á það að hin forna leið lá miklu nær fjallinu en bílvegurinn nú. Finnst sú leið auðveldlega frá Hvammstúnum með því að ganga ofan þeirra. Er stutt frá túnunum norður að rústum skilaréttanna undir hlíðum Ingólfsfjalls sem af lögðust 1846, að hluta til vegna skriðuhlaupa úr fjallinu.”<sup>26</sup> Fjallað er nánar um leiðir um Hvamm í *Sunnlenskum byggðum* þar segir: „Ferðamenn úr Grímsnesi fóru enn um Lyngdalsheiði, á vaði yfir Álftavatn eða á Tunguferju yfir Sog. Þaðan um Grafningsháls að Hvammi í Ölfusi.”<sup>27</sup>

„Þriðja lögferjan var í Laugardælum. Þaðan lá leiðin þvert yfir mýrina um holt og mýrarsund. Í Mýrarsundin voru gerðir brúarstúfar, Hellisbrúin. Farin var stysta leið upp að Ingólfsfjalli. Þegar þangað kom var leiðin greið með fjallsrótunum á mótum mýrar og skriðu fram hjá Kögunarhóli, Hvammi, Gljúfri og Sogni. Má þar víða sjá leifar af fornri vegagerð. Steinum raðað í mýrina, flórvegur. Þar er fyrsti vegurinn sem gjörður var með því sniði sem síðar var notað: skurðir grafnir meðfram, efníð notað í veginn og borin mól yfir. Er það Sognsbrúin.”<sup>28</sup>

„Laugardælir voru efsti löggilti ferjustaðurinn yfir Ölfusá. Leið þessa fóru einkum þeir, er bjuggu ofarlega í Flóanum eða komu austan yfir Þjórsá hjá Króki eða ofar, og er yfir ána kom hjá Laugardælum, fóru þeir meðfram Ingólfsfjalli að sunnanverðu og vestan, að Hvammi í Ölfusi og þaðan út í Kamba, yfir Hellisheiði, hjá Kolviðarhóli, Lækjarbotnum, Hólmi og Árbæ, síðan yfir Elliðaár og til Reykjavíkur ...”<sup>29</sup>

<sup>20</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 370

<sup>21</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 371

<sup>22</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 372

<sup>23</sup> Manntal á Íslandi 1910. III. Árnessýsla, 1997, bls. 450-451

<sup>24</sup> Þorvaldur Thoroddsen, 1899, bls. 65

<sup>25</sup> Þorvaldur Thoroddsen, 1899, bls. 190

<sup>26</sup> Þór Vigfússon, 2003, bls. 125-126

<sup>27</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 81

<sup>28</sup> Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu, 1983, bls. 281

<sup>29</sup> Jón Pálsson, 1946, bls. 31



#### 4. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust innan deiliskipulagsreits. Gamla þjóðleiðin liggur ofna við svæðið en er ekki innan svæðisins sem skráð var og því ekki í neinni hættu. Minjar geta fundist í jörðu þó þær sjáist ekki á yfirborði. Finnist minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 3. Séð yfir deiliskipulagsreit til SV. Ljós MHH



Mynd 2. Séð yfir deiliskipulagsreit. Tekið í SSV. Ljós MHH



Kort 1. Deiliskipulagsreitir tekið í Norður í átt að Hvammi . Ljósmynd MHH

## 5. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla* (B. II). Kaupmannahöfn: S. L. Möller.
- Bjarni Harðarson. (2001). *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Selfoss: Sunnlenska bókaútgáfan.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Einar Arnórsson. (1950). *Árnesingasaga. II. bindi. "Árnesþing á Landnáms- og söguöld.* (Guðni Jónsson, Ritstj.) Reykjavík: Árnesingafélagið í Reykjavík.
- Fasteignabók.* (1932). Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. Fyrri hluti.* (1983). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jón Pálsson. (1946). *Austantóru. II. bindi.* Reykjavík: Víkingsútgáfan.
- Manntal á Íslandi 1910. III. Árnessýsla.* (1997). Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Edda Linn Rise. (2009). *Fornleifaskráning vegna skipulags í Ölfusi.* Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.
- Ný jarðabók fyrir Ísland.* (án dags.). Kaupmannahöfn: J.H. Shultz.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2020). *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu.* (1983). Búnaðarsamband Suðurlands.
- Svavar Sigmundsson (Ritstj.). (1979). *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* Reykjavík: Sögufélag.
- Þór Vigfússon. (2003). *Ferðafélag Íslands árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu.* Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Þórður Ö. Jóhannsson. (1967). *Örnefnaskrá - Hvammur. Ölfushreppur, Árnessýsla.* Reykjavík: Örnefnastofnun.
- Þorvaldur Thoroddsen. (1899). *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Túnakort - Hvammur, Ölfushreppur, Árnessýsla. (1918). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

